

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 907/2013

2014/EES/64/19

frá 20. september 2013

um setningu reglna um umsóknir er varða notkun á almennum lýsingum (heitum) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli<sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er heimilt að undanskilja tilteknar almennar lýsingar (heiti), sem hefðbundið er að nota til að tilgreina sérkenni flokks matvæla eða drykkjarvara sem gæti gefið til kynna áhrif á heilbrigði, frá beitingu þeirrar reglugerðar í kjölfar umsóknar frá viðkomandi stjórnendum matvælafyrirtækja.
- 2) Í því skyni að tryggja að umsóknir um almennar lýsingar séu meðhöndlaðar á gagnsæjan hátt og innan hæfilegs frests er þess krafist í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 að framkvæmdastjórnin samþykki og birti opinberlega reglurnar sem gilda um slíkar umsóknir.
- 3) Reglurnar ættu að tryggja að umsóknin sé gerð þannig að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram til að meta umsóknina. Enn fremur ættu reglurnar ekki að koma á veg fyrir að framkvæmdastjórnin fari fram á viðbótarupplýsingar, eftir því sem við á og með hliðsjón af eðli almennu lýsingarinnar og umfangi undanþágunnar sem sótt er um.

4) Rétt þykir að leyfa atvinnugreinasamtökum sem eru fulltrúar tiltekinna matvælageira að leggja inn umsóknir fyrir hönd aðila sinna til að komast hjá því að fá ítrekað umsóknir í tengslum við sömu almennu lýsinguna (heitið).

5) Í því skyni að m.a. tryggja hátt verndarstig fyrir neytendur ætti notkun fullyrðinga ekki að vera röng, tvíræð eða villandi. Sama meginreglan ætti að gilda um notkun almennra lýsinga (heita) sem gætu gefið til kynna áhrif á heilbrigði. Í því skyni að ná slíku markmiði og í samræmi við meðalhöfsregluna skulu landsyfirvöld sjálf ákveða, að teknu tilliti til dómaframkvæmdar Dómstólsins, hvað teljast dæmigerð viðbrögð meðalneytandans í tilteknu máli.

6) Almennar lýsingar (heiti) ættu að samsvara tímabili sem nær yfir a.m.k. 20 ára sannaða notkun innan aðildarríkis eða aðildarríkja fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

7) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Umsóknir er varða notkun almennra lýsinga (heita) í skilningi 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skulu lagðar fyrir og settar fram í samræmi við reglurnar í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 251, 21.9.2013, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

## VIÐAUKI

## A-HLUTI

**Framlagning umsóknarinnar**

1. Heimilt er að sækja um notkun almennrar lýsingar í einu eða fleiri aðildarríkjum. Leggja skal þessa umsókn fyrir lögbær landsyfirlögd í einu aðildarríki (hér á eftir nefnt viðtökuaðildarríki). Stjórnendur geta valið aðildarríkið, sem þeir hyggjast leggja umsóknina fyrir, úr þeim aðildarríkjum þar sem almenna lýsingin er notuð.
2. Leggja skal umsóknina fram á rafrænan máta, þ.m.t. alla þá þætti sem tilgreindir eru í B-hluta þessa viðauka. Aðildarríkin geta farið fram á afrit á pappír ef þau óska þess. Skrá, sem inniheldur einungis tilvísanir, nægir ekki að því er varðar gögnin sem um getur í lið 1.5 og 2. lið í B-hluta þessa viðauka.
3. Þegar lögbæru landsyfirlögdin í viðtökuaðildarríkinu berst umsókn skal það:
  - Staðfesta viðtöku umsóknarinnar skriflega innan 14 daga frá viðtöku hennar. Í staðfestingu á viðtöku skal tilgreina viðtökudag umsóknarinnar.
  - Upplýsa framkvæmdastjórnina án tafar með því að áframsenda samantekt á umsókninni.
  - Ef við á: áframsenda fullgerða umsóknina til annars aðildarríkis eða annarra aðildarríkja sem umsóknin um almenna lýsingu tekur til (hér á eftir nefnd hlutaðeigandi aðildarríki).
  - Ef hlutaðeigandi aðildarríki telur eða telja að umsóknin innihaldi ekki gögn og upplýsingar eins og ráð er gert fyrir í B-hluta viðaukans skal það eða þau upplýsa viðtökuaðildarríkið um það innan fjögurra vikna.
4. Viðtökuaðildarríkið skal sannreyna, án tafar og með tilliti til upplýsinga sem hlutaðeigandi aðildarríki lætur eða láta í té, hvort umsóknin innihaldi allar tilskildar upplýsingar eins og tilgreint er í B-hluta þessa viðauka. Ef umsóknin inniheldur ekki alla þá þætti sem krafist er samkvæmt B-hluta þessa viðauka skal viðtökuaðildarríkið fara fram á nauðsynlegar viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum og upplýsa hann um þann frest sem hann hefur til að leggja fram þær upplýsingar.
5. Umsókn skal ekki teljast gild ef umsækjandi leggur ekki fram frekari upplýsingar þegar viðtökuaðildarríkið fer fram á það. Í slíku tilviki skal viðtökuaðildarríkið upplýsa umsækjanda, framkvæmdastjórnina og öll önnur hlutaðeigandi aðildarríki um það og tilgreina ástæðurnar fyrir því að umsóknin telst ekki gild. Umsækjandinn skal fá tækifæri til að leggja fram sömu umsóknina aftur, að undanskildum þeim aðildarríkjum sem tilskilin gögn voru ekki lögð fram fyrir.
6. Viðtökuaðildarríkið skal áframsenda gildu umsóknina til framkvæmdastjórnarinnar og allra aðildarríkjanna án tafar og upplýsa umsækjandann um það. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta viðtöku gildu umsóknarinnar við viðtökuaðildarríkið skriflega innan 14 daga frá viðtöku hennar.
7. Viðtökuaðildarríkið og hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja álit sitt fyrir framkvæmdastjórnina innan sex vikna frá því að gilda umsóknin er send. Í álitinu skal koma fram hvort almenna lýsingin uppfylli skilyrðin fyrir undanþágu skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og hvort hún sé studd þeim þáttum, sem um getur í liðum 1.3, 1.4 og 1.5 í B-hluta og, eftir atvikum, 2. lið í þessum viðauka, ásamt rökstuðningi fyrir álitinu. Álit skulu lögð fram skriflega. Önnur aðildarríki geta einnig lagt álit sitt á umsókninni fyrir framkvæmdastjórnina, innan sama frests og með sömu aðferð.
8. Framkvæmdastjórnin getur, eftir að hafa fengið gildu umsóknina frá aðildarríki og álitid eða álitin sem um getur í 7. lið þessa hluta viðaukans, innan hæfilegs frests, hafið ferli vegna samþykkis almennu lýsingarinnar skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

## B-HLUTI

**Inntak umsóknar**1. *Skuldubundnar upplýsingar*

Umsóknin skal fela í sér eftirfarandi:

## 1.1. Samantekt á umsókninni sem skal innihalda:

- nafn og heimilisfang umsækjandans,
- almennu lýsinguna sem umsóknin varðar,
- stutta lýsingu á einkenni flokks matvæla eða drykkjarvara, sem almenna lýsingin tekur til, og
- upplýsingar um aðildarríkið eða aðildarríkin þar sem umsækjandinn sækir um að nota almennu lýsinguna.

## 1.2. Umsækjandi

Nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar stjórnanda matvælafyrirtækis, sem leggur fram umsókn, og/eða aðilans sem hefur heimild til að hafa samskipti við framkvæmdastjórnina fyrir hönd umsækjandans.

Atvinnugreinasamtökum, sem koma fram fyrir hönd aðila sinna, er einnig heimilt að leggja fram umsóknir um leyfi fyrir almennri lýsingu og í umsókn skal koma fram heiti, heimilisfang og samskiptaupplýsingar atvinnugreinasamtakanna, sem leggja fram umsókn, og/eða aðilans sem hefur heimild til að hafa samskipti við framkvæmdastjórnina fyrir hönd atvinnugreinasamtakanna. Upplýsingar um stuðning við umsóknina frá aðilum að atvinnugreinasamtökunum væru æskilegar.

## 1.3. Almenna lýsingin sem umsóknin varðar

1. Almenna lýsingin eins og hún er notuð á því tungumáli eða þeim tungumálum þar sem hefð er fyrir því að nota hana. Lýsing á almennu lýsingunni á ensku, eftir því sem við á.
2. Aðildarríki þar sem almenna lýsingin er notuð.

## 1.4. Flokkur matvæla eða drykkjarvara sem almenna lýsingin tekur til

1. Tilgreining á flokki matvæla eða drykkjarvara sem eru markaðssettar með almennu lýsingunni sem umsóknin varðar.
2. Ítarleg lýsing, með áherslu á sérkennin og þá þætti sem greina flokk matvæla eða drykkjarvara, sem eru markaðssettar með almennu lýsingunni, sem umsóknin varðar, frá öðrum vörum sem falla undir sama flokk matvæla eða drykkjarvara.

## 1.5. Fylgigögn í tengslum við notkun almennu lýsingarinnar

Viðeigandi bókfræðileg gögn eða önnur sannreynanleg gögn sem sýna fram á að flokkur matvæla eða drykkjarvara með almennu lýsinguna hafi verið í a.m.k. 20 ár á markaði í aðildarríki eða -ríkjum fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar.

2. *Viðbótarupplýsingar sem verður að leggja fram ef aðildarríki fer fram á það að eigin frumkvæði: fylgigögn í tengslum við skilning/skynjun neytenda*

Viðtökuaðildarríkjum og hlutaðeigandi aðildarríki eða -ríkjum er heimilt að fara fram á viðbótargögn frá umsækjandanum með eftirfarandi upplýsingum áður en umsóknin er lögð fyrir framkvæmdastjórnina, ef þau telja það nauðsynlegt fyrir matið á umsókninni:

- Viðeigandi gögn eða upplýsingar um skilning og skynjun neytenda á þeim áhrifum sem almenna lýsingin gæti gefið til kynna. Slik gögn skulu ná til þess aðildarríkis eða þeirra aðildarríkja þar sem almenna lýsingin er notuð.
- Viðeigandi gögn eða upplýsingar sem sýna fram á að neytendur tengi almennu lýsinguna við tiltekinn flokk matvæla eða drykkjarvara sem um getur í lið 1.4 í þessum hluta viðaukans.

3. *Viðbótarupplýsingar (valkvæðar)*